

Siglingaklúbburinn Þytur
Skýrsla stjórnar
Starfsárið 2009





Inngangur

Starfsárið hófst með að loknum aðalfundi í febrúar. Öll stjórnin var endurkosin

| | |
|----------------|-------------------------|
| Formaður | Ragnar Hilmarsson |
| Varaformaður | Gunnar Geir Halldórsson |
| Gjaldkeri | Áskell Fannberg |
| Meðstjórnendur | Guðmundur Ásmundsson |
| | Guðmundur R. Magnússon |
| | Hallur Helgason |
| | Tryggi S. Helgason |

Vetrarstarf

Vetrarstarf síðasta starfsárs var með hefðbundnu sniði. Kænudeild hittist reglulega, oftast tvisvar í viku og var með æfingar þegar veður leyfði en var þess á milli að ditta að bátum, lesa reglur, siglingatækni og gera klárt fyrir sumarið. Jón Vignir Daníelsson leiddi vetrarstarfið hjá krökkunum. Að vanda hittust menn á laugardagsmorgnum og byrjuðu daginn á kaffi og spjalli. Þegar menn höfðu góða nennu var tekið í hamar og dittað að hinu og þessu í húsinu. T.d. Var slegið upp grind fyrir eldhús á loftinu. Lagður var grunnur að nýrri heimasíðu sem fór í loftið í maí. Þar fór fremstur í flokki Fanar Freyr og á hann þakkir skilið fyrir sitt framtak.

Sumarstarf

Sumarstarfið byrjaði í maí eins og 2008. Við buðum öllum 11 ára börnum í Hafnarfirði á kynningu á siglingum. Við sendum öllum kennurunum bréf þar sem þeim var boið að koma ½ dag hlusta á stutta kynningu. Þetta voru 20 bekkir eða um 350 börn sem þáðu boð um að koma og við vorum 3 – 4 frá klúbbnum um hverja kynningu. Friðrik Friðriks og Ármann Jóhannesar sáu um skipulagningu og framkvæmd. Og fórst þeim það vel úr hendi.

Námskeið og æfingar:

Fastur og stór liður í sumarstarfi klúbbsins eru siglinganámskeið fyrir börn og unglinga, fyrsta námskeið sumarsins hófst þann 8 júní og lauk því síðasta þann 31. júlí. Hvert námskeið stóð í 2 vikur og voru námskeið bæði fyrir og eftir hádegi. Aðsókn á námskeiðin var ekki jafn góð og 2007 og 2008 sem bæði voru met ár. Það voru 110 börn sem komu á námskeið til okkar. Gunnar Freyr Gunnarsson var ráðinn forstöðumaður, með honum störfuðu Jón Vignir, Hörður Guðmundsson, Baldvin Ómarsson, Hlín Guðbergsdóttir og Eyrún Þrastardóttir Einnig störfuðu 8-10 krakkar á vinnuskólaaldri við ýmis störf.



Jón Vignir Daníelsson sá um æfingar og þjálfun síðastliðið starfsár.

Í júlí kom siglingaþjálfari frá Bretlandi, Barry Dunning og hélt 4 daga námskeið fyrir lengra komna siglara. Barry er marg reyndur þjálfari og siglingadómari. Námskeiðið var opið fyrir alla og komu félagar bæði frá Ými og Bokey. Námskeiðið var styrkt af Sílf og var það mál margra í lok námskeiðs að svona ætti að halda á hverju ári. Rúnar Steinsen átti veg og vanda að skipulagningunni og fær hann bestu þakkir fyrir.

Mótahald sumarsins:

Siglingaklúbburinn Þytur hélt fjögur mót á liðnu sumri, þau voru:

- Opnunarmót kjölbáta laugardaginn 9. maí. Keppt var frá Reykjavíkurböfn til Hafnarfjarðar.
- Opnunarmót kæna laugardaginn 16. maí. Mótið fór fram í blíðskaparveðri og voru sigldar fimm umferðir. Aðeins var kept í Topper Topaz flokki.
- Íslandsmót kæna 14. - 15. ágúst. Keppt var fyrir utan Hafnarfjarðarhöfn. Það var frábær þátttaka í mótinu, 44 keppendur skráðir til leiks í 3 flokkum.
- Haustþytur var haldinn 10. Október. Þetta var innanfélagsmót þar sem lið voru dregin saman. Einn eldri og einn yngri saman í liði. Á eftir var svo grillað og áttu félagsmenn saman góða kvöldstund.

Öll mótin heppnuðust mjög vel, og var vel staðið að þeim. Sérstaklega er vert að taka fram að Íslandsmót kæna var mjög vel sótt og voru 44 keppendur skráðir til leiks og aðstæður tilsiglinga voru frábærar. Í Laser flokk sigraði Hafsteinn Ægir Geirsson nokkuð örugglega en hann keppti fyrir hönd Þyts. Framkvæmd mótanna hefði aldrei gengið svona vel nema vegna þess fórnfúsa starf sem félagsmenn og foreldrar lögðu á sig, og eiga þeir miklar þakkir skildar.

Formaður keppnisstjórnar var Friðrik Hafberg og á hann miklar þakkir skildar fyrir gott mótahald í sumar. Með honum unnu Guðmundur Ásmunds og Daníel Helgason. Í landi var það svo oftast Ásta Torfadóttir sem sá um að allt gengi snurðulaust fyrir sig.

Annað:

Ekki er hægt að setja fram skýrslu stjórnar án þess að geta þeirra áföllum sem við urðum fyrir í sumar. Fyrst verður að nefna að upp kom mygla í búningsherbergjum sem ekki var leyst öðruvísi en með því að endurnýja vegg og pípulagnir í búningaöstöðunni. Næsta áfall var að mótörinn á nýja gæslubátum bræddi úr sér.



Mótorinn var bara notaður í 200 tíma og er því óhætt að segja að dauði hans var ótímabær. Það er ekki enn búið að gera við hann en það er búið að dæma mótorinn ónýtan. Það mun kosta minnst milljón að gera við mótorinn. Fyrsta viðgerðamatið sem við fengum frá umboðsaðilanum hljóðaði upp á 3 mkr. Því miður fyrir okkur þá er söluaðilinn kominn á hausinn og því er ekki um það að ræða að við getum gert ábyrgðarkröfu á seljandann. Eins hafði hann trassað að skrá söluna hjá framleiðanda þannig verksmiðjuábyrgð er ekki heldur gild. Þriðja áfallið var svo að það var keyrt á þernu og skrokkurinn brotnaði. Þetta var í byrjun júlí og þegar þetta er skrifað er ekki enn búið að gera við bátinn. Viðgerðakostnaður er áætlaður hátt í 2 mkr en vonast er eftir að hann verði bættur að tryggingarfélagi þess sem keyrði á bátinn .

Framkvæmdir

Á árinu þurfti að endurnýja búnings aðstöðu vegna myglu og raka í veggjum. Þessar viðgerðir fóru langt með framkvæmdafé klúbbsins og því er ekki enn búið að endurnýja mótör á gæslubát. Það er forgangsverkefni fyrir vorið. Eins þarf að gera við Þernu.

Lokaorð

Ég vil þakka öllum þeim sem að þessu starfi komu, kærlega fyrir þeirra framlag fyrir Siglingaklúbbinn Þyt,. Ég gef ekki kost á mér til endurkjörs og því vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa unnið með mér undan farin ár fyrir samstarfið og óska nýjum mönnum velfarnaðar .

Hafnarfirði 31. janúar 2010

Fyrir hönd stjórnar, Ragnar Hilmarsson